

## Auglýst er eftir efni á mál- og vinnustofur

Ráðstefna um menntavísindi á vegum  
Menntamálastofnunar og Miðstöðvar skólaþróunar  
verður haldin í Háskólanum á Akureyri laugardaginn 14. september 2024

## Hvað er að vera læs?

Á ráðstefnunni verður fjallað um það hvað það felur í sér að vera læs og hvernig skapa má æskileg skilyrði í námi sem styðja við gott læsi í leik-, grunn- og framhaldsskólum.

### Aðalfyrirlesarar ráðstefnunnar verða:

- Guðmundur Engilbertsson deildarforseti við kennaradeild HA sem mun fjalla um læsi á stigi djúp- og yfirfærslunáms á efri skólastigum og þá mikilvægu hugrænu færni sem slíkt nám kallar á.
- Læsi á þremur skólastigum – þrískipt erindi:
  - o Leikskólastigið: Jóhanna Thelma Einarsdóttir prófessor við heilbrigðisvísindasvið HÍ sem mun fjalla um stöðu fjölbreyttra leikskólabarna á Íslandi.
  - o Grunnskólastigið: Auður Soffiu Björgvinsdóttir aðjúnkt og doktorsnemi við menntavísindasvið HÍ og Guðbjörg R. Þórisdóttir læsisráðgjafi hjá MMS sem munu fjalla um mikilvægi sveigjanleika í heimalestrarþjálfun út frá stöðu nemanda í lestri hverju sinni.
  - o Framhaldsskólastigið: Ívar Rafn Jónsson lektor við HA sem mun fjalla um læsi framhaldsskólánema á orðræðu og hugtakanotkun sem er við lýði í námsmati.
- Bragi Valdimar Skúlason fjölmiðlamaður, orðarýnir og orðasmiður.

Ráðstefnan er ætluð kennurum á öllum skólastigum og sérstaklega horft til þess að viðfangsefni hafi hagnýtt gildi fyrir kennara. Auk aðalfyrirlestra verða bæði málstofuerindi og vinnustofur þar sem reifuð verða ýmis mál er lúta að læsi. Málstofuerindi verða 30 mínútur og þar gefst tækifæri til þess að segja frá rannsóknarniðurstöðum eða áhugaverðum verkefnum í skólum. Vinnustofur verða 60 mínútur og þar er gert ráð fyrir kynningu á aðferðum og verkfærum og að ráðstefnugestir fái tækifæri til að prófa.

**Hér með auglýsum við eftir erindum á málstofur og efni fyrir vinnustofur frá leik-, grunn- framhalds- og háskólakennurum, náms- og kennsluráðgjöfum, skólastjórnendum og öðrum áhugasömum aðilum um efni ráðstefnunnar.**

Einkum er leitað eftir:

- 📧 kynningu á árangursríkum þróunarverkefnum
- 📧 kynningu á nýlegum íslenskum og erlendum rannsóknum
- 📧 kynningu á árangursríkum leiðum, aðferðum og verkfærum
- 📧 umfjöllun um strauma og stefnur

Frestur til að senda inn lýsingu á erindi eða vinnustofu að hámarki 300 orð er til 5. apríl 2024.

[Hér er hægt að senda inn ágríp.](#)

Svör um samþykki frá ráðstefnuteymi munu berast fljótlega eftir 22. apríl 2024.

Nánari upplýsingar veita Guðbjörg R. Þórisdóttir, 514-7500, netfang: [gudbjorg.r.thorisdottir@mms.is](mailto:gudbjorg.r.thorisdottir@mms.is) og Íris Hrönn Kristinsdóttir, 460-8592, netfang: [iris@unak.is](mailto:iris@unak.is).